

Sæl öll framkvæmdastjórar og fyrrisvarsmenn sveitarfélaga.

Erindi þetta er sent á alla forsvarsmenn sveitarfélaga sem fengu boð í ágúst sl. vegna þá, yfirvofandi þingsályktunartillögu um málefni sveitarfélaga. Ástæða þess að ég sendi þetta út nú, er sú staðreynd að búið er að samþykkja breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari beytingum og varða úthlutun úr Jöfnunarsjóði: <https://www.althingi.is/altext/150/s/0816.html>

Óþarft er að kynna efnið frekar, en það sem mun snerta öll þessi sveitarfélög með beinum hætti er breytt sviðsmynd. Sviðsmyndin gerir ráð fyrir að sveitarfélög verði umtalsvert færri á næstu árum, 2022, 2024 og svo lokst 2026, enda er búið að klára undirbúning þess með þessari lagabreytingu. Athyglisvert er að hér rættist forspá einhverra um það að þetta verði greitt með framtíðartekjum sveitarfélaga en ekki beint frá ríkinu. Um þetta má þó sjálfsgagt deila, en mér er ekki kunnugt um að fjárlög hafi tekið umtalsverðar fjárhæðir frá í verkefnið á Fjárlögum 2020, en einkum er getið um breytingar á úthlutunarreglum Jöfnunarsjóðs.

Ég treysti mér ekki til að spá fyrir um það hvernig dæmið lítur út á árinu 2027, en á þeim tímapunkti munu flest ykkar hafa horfið til annarra starfa en endurnýjun framkvæmdastjóra sveitarfélaga er talsverð og fylgir landslagi í pólitík og öðrum forsendum. Einkum verður þó breyting á í fámennum sveitarfélögum vegna lagabreytinga sem líkast til ná fram að ganga. Þetta þýðir auðvitað að stjórnsýsla verður ekki til í þeirri mynd sem hún er í dag, í það minnsta hjá mörgum fyrrisvarsmönnum hér 39 sveitarfélaga.

Tilfni þessa pósts er ekki á þeim grundvelli að það hafi neitt með starf mitt eða ykkar að gera eða áhyggjur af framtíð okkar framkvæmdastjóra sveitarfélaga eða starfsöryggi. Öðru nær, ég held að þetta sé ærið tilfni til þess að velja upp framtíð þeirra sem starfa við hlið ykkar á skrifstofum og inna af hendi hin ýmsu störf í þágu sveitarfélaga vítt og breitt um landið, skóla og þjónustu sem sveitarfélög veita. Óhjákvæmilegur fylgifiskur sameiningar sveitarfélaga er í það minnsta einhver fækkun launaðra starfa fyrir annað eða einhver þeirra sveitarfélaga sem sameinast, út á það gengur leikurinn með sameiningu. Og aðstaðan er mismunandi, bæði frá einu sveitarfélagi til annars úr þessum hópi 39 sveitarfélaga. Þá er ekki síst aðstöðumunur þegar ólík sveitarfélög að stærð og bolmagni sameinast, hvað þá þegar slíkt er lögboðið og óhjákvæmilegt öðru megin samningsborðs.

Sem lögfræðingi hugnast mér ekki aðdragandi þess sem hér er að verða að veruleika og tel í það minnsta vafa undirorpið hvort þetta er réttur vettvangur, í gegnum Samband íslenskra sveitarfélaga sem helsta bakhjarls svo og Jöfnunarsjóðs sem á sér allt aðra skírskotun í lög varðandi tilurð og tilvist. En lögum má að sjálfsgöðu breyta og það er einmitt það sem á sér stað hér.

Burtséð frá allri pólitík eða afstöðu einstakra sveitarfélaga til þess sem liggur fyrir alþingi í formi þingsályktunartillögu óska ég eftir samtali við aðra forsvarsmenn minni sveitarfélaga. Helst frjálstri umræðu á vettvangi þar sem unnt er að skiptast á skoðunum og greiningu á stöðunni. Heppilegt hefði verið að fylgja eftir því sem hófst daginn fyrir aukalandsþingið, en kannski voru aðilar ekki tilbúnir á þeim tímapunkti í samtal um stöðun.

Ég held að þetta sé öllum til farsældar að halda slíku samtali áfram enda ekki ljóst hvernig þessu verður fylgt eftir. Ef tímamarkið er t.a.m. 2022 fyrir minnstu sveitarfélögin myndi ég ætla að vinna að slíku taki lengri tíma en svo að heppilegt sé að bíða í lengstu lög með viðbrögð. En aðallega, ég met stöðuna þannig að hér verði þingsályktun samþykkt, að því er virðist án viðamikilla athugasemda enda búið að vinna þessu fylgi á réttum stöðum. Ef ekki, þá þarf hvort eð er að endurmeta stöðuna. Kannski er ég einangraður í afstöðu minni til málsins, þá er bara vel og við höldum áfram hver á sínum stað. En ef fleiri eru á þessari skoðun eða viðlíka þá myndi ég gjarnan vilja deila skoðun og hugmyndum.

Þannig að því sé haldið til haga er ég ekki að tala hér fyrir mótuðum skoðunum eða samningsumboði af eða á með sameiningu sveitarfélaga. Ég sendi þetta erindi á allan hópinn eins og hann var í ágúst á þessu ári. Þeir sem telja að erindinu sé ranglega beint að þeim eða hafa aðra skoðun bið ég forláts.

Óska ykkur að öðru leyti gleðilegra jóla, þakka árið og velfarnaðar á því næsta.

Með kveðju,
Bragi Þór

Súðavíkurhreppur
Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri
Grundarstræti 3
420 Súðavík